

# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

1992 – 1994



1. þing KLÍ  
30. apríl 1994

**Dagskrá 1. þings KLÍ  
laugardaginn 30. apríl kl. 10:00  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal**

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
- 3 Kosnar fastanefndir:
  - a) Kjörbréfanefnd.
  - b) Fjárhagsnefnd.
  - c) Laga- og leikreglnanefnd.
  - d) Allsherjarnefnd.
  - e) Kjörnefnd.
- Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

**PINGHLÉ**

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttatíðindi ÍSÍ.
- 12 Kosnir 3 menn í dómstól og 3 til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 29. júní 1992 – 30. apríl 1994

1. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 30. apríl 1994

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Haraldur Sigursteinsson
<i>Varaformaður</i>	Guðmundur J. Kristófersson
<i>Gjaldkeri</i>	Ingiber Óskarsson
<i>Ritari/fundaritari</i>	Sigurjón Guðfinnsson
<i>Fundaritari</i>	Sigurjón Magnús Egilsson
<i>Varamenn:</i>	Þorgrímur Hálfdarson Sigurjón Harðarson Ásgeir Þór Þórðarson

## DÓMSTÓLL

<i>Aðalmenn:</i>	Guðjón Ólafsson Friðrik Ólafsson Jónas Gunnarsson
<i>Varamenn:</i>	Helga Sigurðardóttir Ingimundur Helgason Þórður Tyrfingsson

## ENDURSKOÐENDUR

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

### Aganefnd

<i>Formaður:</i>	Eggert Þorgrímsson Gylfi Ástbjartsson Halldór Snorrason Bogi Guðbrandsson Guðmundur Gunnarsson	Gunnar Gunnarsson Atli Þ. Kárason Guðný Gunnarsdóttir
------------------	--	---

### Landsliðsnefnd

<i>Formaður:</i>	Sigurjón Harðarson Sigurður Guðbjörnsson Þórir Haraldsson	Þórir Haraldsson Halldór Sigurðsson Theódóra Ólafsdóttir
------------------	---	--

## **Mótanefnd**

### **Formaður:**

Gunnar Gunnarsson  
 Árni Jón Árnason  
 Elmar Ingibergsson  
 Emil Hilmarsson

Árni Gíslason  
 Stefán I. Óskarsson  
 Unnur Vilhjálmsdóttir  
 Halldór Sigurðsson

## **Tækninefnd**

### **Formaður:**

Bjarni Sveinbjörnsson  
 Ásgeir Þórðarson  
 Daníel Guðlaugsson  
 Jón Helgi Bragason

## **Unglinganefnd**

### **Formaður:**

Bragi Már Bragason  
 Sigurður Lárusson  
 Sigurvin Hreinsson

## **Meðalskorritrarar**

Ásgeir Þór Þórðarson  
 Ingimundur Helgason

Þetta fyrsta tímabil Keilusambandsins er lengra en venja er og nær yfir tvö keppnistímabil. Störf stjórnar hafa verið að mótað á tímabilinu en hún hefur komið saman vikulega allt tímabilið með örfáum undantekningum. Á tímabilinu baðst Sigurjón Egilsson undan stjórnarstöfum og gegndi Sigurjón Guðfinnsson störfum fundarritara í hans stað. Nefndir voru vel mannaðar í upphafi og flestir hlutir gengu eðlilega fyrir sig. Sumarið 1993 báðust hinsvegar margir nefndarmenn undan því að starfa áfram í nefndum og var ástæðan helst sú að menn vildu helga sig spilamennsku eða voru hlaðnir öðrum störfum. Um síðir tókst þó að manna helstu nefndir. Það er ekki auðvelt fyrir nýja menn að koma inn í nefndarstörf og taka upp þráðinn þegar enginn er eftir til að koma reynslu fyrri ára til skila og ekki höfðu stjórnarmenn það rúman tíma að þeir gætu leyst öll mál. Þetta, ásamt því að tölverðar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi og nokkur óvissa var um ýmiss efnisatriði mótabókar, varð til þess að hún kom aldrei út nema á lausblaðaformi og í möppum sem lágu frammi í keilusölunum.

Við teljum væntanlega öll að nokkuð hafi lærst af þessu en stjórn KLÍ hefur nú óskað eftir því að félögini tilnefni menn til nefndarstarfa hér á þinginu þannig að ný stjórn geti gengið frá skipun í nefndir á fyrsta fundi eftir þing. Jafnframt hefur stjórnin ákvæðið að einu sinni í mánuði verði sameiginlegur fundur stjórnar og formanna allra nefnda (fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði).

Keiluþróttin hefur átt í vissum utanaðkomandi erfiðleikum. Við skulum hafa það hugfast að keila var fyrst spiluð hér upp úr 1953 en lagðist af aftur um 1955, þar sem ekki var unnt að viðhalda aðstöðunni svo brautirnar eyðilögðust. Þetta er saga sem ekki má endurtaka sig. Við væntum því þess að hagurinn vænkist í salarmálum, keilarar hafa haft verulegar áhyggjur af framtíðinni.

Þrátt fyrir hnökra þá eru miklar framfarir keilara veruleiki og fyrsti **300 leikurinn** kom okkur á spjöld heimspressunnar, enda stendur sá árangur Ásgeirs Þórs Þórðarsonar, frá því 2. febrúar 1994, langt upp úr öðrum atburðum ársins.

Keilusambandið og keilan í landinu hefur eflst á tímabilinu. Þjálfun er að taka miklum breytingum, samskipti við erlendar þjóðir hefur aukist og mörg mikilvæg verkefni eru framundan. Væntanlegt Norðurlandamót 1. – 5. febrúar er þar mikilvægast en spurningar hafa vaknað um það hvar við getum haldið slíkt móti. Því er til að svara að við vonumst í lengstu lög að svo geti orðið í Reykjavík en ef svo verður ekki, þá höfum við fengið heimild til þess að halda það á Keflavíkurflugvelli.

Af almennum verkefnum sambandsins er deildarkeppni 4ra manna liða fyrirferðamest en fjölmargir aðrir þættir koma einnig við sögu. Er þeirra helstu getið hér á eftir.

## **KEPPNISFYRIRKOMULAG DEILDA**

Stjórn KLÍ boðaði til tveggja funda með liðsmönnum deildarliða vorið 93 um keppnisfyrirkomulag í deildum á næsta keppnistímabili. Kynntar voru þær hugmyndir sem stjórninni höfðu borist og ýmsir möguleikar ræddir. Fram kom að mönnum þótti 3 ja umferða deild ekki hentug og tímabilið væri of langt. Niðurstaða stjórnar eftir þessa fundi var að stefnt skildi að eftirfarandi: Byrja keppnistímabilið á meistarakeppni KLÍ um fyrstu helgi í september, héraðsmót verði síðan spiluð í septembermánuði. Deildir verði spilaðar samfelldar frá byrjun október og fram yfir miðjan apríl, en ljúki í þeim mánuði. Ef rjúfa þarf deild verði það helst gert í desember og á þetta sérstaklega við um kvennadeildina. Deildarkeppni verði rofin fyrir 32 og 16 liða keppni í bikar og forkeppni einstaklinga, aðrar umferðir í bikar og einstaklingsmótum verði ekki á föstum keppnisdögum deilda. Um fyrirkomulag deilda kom fram mjög eindreginn og almennur vilji til þess að fara "þýramítaleiðina". En þar er hugmyndin sú að gera toppinn erfiðan og spennandi en auka síðan breiddina þannig að fleiri lið eigi möguleika á að raða sér í baráttuna um sætin í 1. deild. Í umræðum um kvennadeildina kom fram að hún væri í raun tví- eða þrískipt að styrkleika til og gefa yrði fleiri liðum möguleika á að blanda sér í baráttu um verðlaunasæti. Stjórn KLÍ ákvað síðan eftirfarandi keppnisfyrirkomulag:

### **Kvennadeild**

Leikið verður í flokki með og án forgjafar. Reiknuð verður út staða allra liða í flokki með og án forgjöf. Lið tekur ekki verðlaun nema í öðrum floknum. Íslandsmeistarar í liðakeppni kvenna verður það lið sem sigrar án forgjafar.

### **Fyrsta deild karla**

Í deildinni verða 10 lið, spiluð verður tvöföld umferð í einum riðli. Í lok deildar verður úrslitakeppni 8 efstu liðanna. Í úrslitakeppninni verða spilaðar þrjár umferðir, lið 1 við 8 og 2 við 7 o.s.f. Í fyrstu og annarri umferð þarf að sigrar tvo leiki en í þriðju umferð þar sem spilað er um Íslandsmeistaratilílinn þarf að vinna þrjá leiki. Sigurvegari í forkeppninni verður Deildarmeistari fyrstu deildar en tvö neðstu falla í aðra deild. Það lið sem sigrar úrslitakeppnina verður Íslandsmeistari.

### **Önnur deild karla**

Í deildinni verða 12 lið, spiluð verður tvöföld umferð í einum riðli. Tvö efstu liðin vinna sér rétt til keppni í fyrstu deild en tvö neðstu falla í þriðju deild. Sigurvegari í deildinni nefnist Íslandsmeistari annarrar deildar.

### **Þriðja deild karla**

Deildin verður spiluð í einum riðli ef lið verða 14 eða færri, verði 15 til 20 lið í deildinni verður hún leikin í tveim riðlum með úrslitakeppni 4 liða, tveggja efstu úr hvorum riðli. Tvö efstu liðin vinna sér rétt til keppni í annarri deild. Sigurvegari í deildinni nefnist Íslandsmeistari þriðju deildar.

Keppnisfyrirkomulag okkar í 4ra manna deildarkeppni hefur vakið athygli erlendis og þykir ná vel yfir þá breidd sem getur verið í keiluþróttinni.

## **VIRÐISAUKASKATTUR**

Skattstjóri Reykjanesumdæmis hefur lagt virðisaukaskatt á æfinga- og keppnisgjöld hjá keilusölunum í Keflavík og Garðabæ. Það hefur verið túlkun ríkisskattstjóra að þessar álögur hafi verið í samræmi við þáverandi lög. Fyrir tilstuðlan Keilusambandsins, ÍSÍ og þá sérstaklega Ellerts B. Schram var gerð lagabreyting um síðustu áramót sem tekur af allan vafa um að virðisaukaskattur verður ekki lagður á keilu frekar en aðrar þróttir. Skiptir þá ekki máli hvort salurinn er í eigu einkaaðila eða þróttafélags. Krafa skattstjóra um greiðslu virðisaukaskatts fyrir lagabreytinguna, sem tók gildi 1. janúar 1994, er þó enn til staðar og eru þau mál til umfjöllunar hjá ríkisskattstjóra og yfirkattanefnd.

## **ÚTGÁFUMÁL**

Helstu verkefni í útgáfumálum hefur verið mótabókin sem reyndar kom aðeins út sem lausblaðamappa á seinna keppnistímabilinu. Hleypt var af stað fréttabréfi KLÍ og er það von stjórnar að hægt verði að gefa það út reglulega í framtíðinni, fjögur til sex blöð á ári. Útbúin voru kennslugögn á íslensku og þau gefin út í takmörkuðu upplagi. Nú er unnið að viðbótum og endurskoðun á þessum gögnum og væntum við þess að geta gefið þau út í sumar eða haust. Nýjar reglur og endurskoðaðar keppnisreglur með breytingum frá FIQ verða gefnar út í sumar.

## **SJÓNVARPSMÁL**

Sýnt hefur verið frá 1. deild karla á Stöð 2 á hvejum sunnudegi í veturna ásamt innskotum frá öðrum mótaum. Þar höfum við notið stuðnings Vífifells sem auglýst hefur Coke í þáttunum en einnig styrkti Skandia, keilufélögin og KLÍ gerð þáttanna.. Mest eigum við þó undir starfi þeirra félaga, Björns Sigurðssonar og Harðar Inga Jóhannssonar, en þeir hafa unnið frábært starf í sjónvarpsmálum okkar á Stöð 2 og nú með þáttunum um atvinnumannakeiluna á SÝN sem sýndir eru á laugardögum.

## NÝ TÆKI TIL MÆLINGA Á OLÍUMAGNI

Keilusambandið hefur nú fest kaup á tæki til mælinga á olíumagni sem borið hefur verið á keilubrautir. Tæki þetta sem framleitt er af Brunswick er keypt frá AB útb C. Það er nú að verða almennt í öllum stærri móturnum að olíumagn sé mælt með slískum tækjum og leggur FIQ áherslu á að svo sé gert. Útbúnaðurinn samanstendur af sleða með búnaði til þess að taka upp olíuna og aflestrarbúnaði sem skynjar uv-efnin í olíunni. Sleðinn er lagður þvert yfir brautina, tommu breiðu límbandi er rennt yfir brautina og festist olíuhimnan við límbandið, öðru límbandi er síðan rennt á móti hinu fyrra og þannig lokast olían á milli bandanna. Aflestrartækið er stillt miðað við staðlað band, síðan er límbandinu rennt í gegn og er þá hægt að lesa af tækinu fjölda eininga af olíu á hverjum lista fyrir sig.

Með þessum útbúnaði höfum við getað fylgst með olíuburðinum og stillt vélarnar. En þegar farið var að mæla olíuna kom betur í ljós en áður að brautirnar eru margar hverjar í ófullnægjandi ástandi.

## ÞJÁLFARAMÁL

Í byrjun október 1993 fékk KLÍ hingað til landsins Svíann Arne Jeppsson. Arne er þjálfari sánska unglingslandsliðsins og vinnur nú að bættum kennslugögnum fyrir Svía og Dani, ásamt danska landsliðþjálfaranum. Arne aðstoðaði okkur við að útbúa kennslugögn og hélt hér námskeið fyrir þjálfara auk þess sem hann var með almenna þjálfun fyrir keilara. Við teljum að heimsókn Arne hafi heppnast mjög vel og hafa verið lögð drög að því að hann komi hingað aftur aðra og þriðju viku í ágúst. KLÍ á möguleika á að taka þátt í samstarfi Norðurlandanna í þjálfaramálum og senda two eða þrjá þjálfara á námskeið í Danmörku í júní næstkomandi. Ákveðið hefur verið að hafa samráð við sánska sambandið og Arne Jeppsson og vinna þannig að málunum að hann aðstoði okkur við að koma kennsluefninu til íslenskra keilara.

## LANDSLIÐSMÁL

Í upphafi starfstímans sótti nefndin, ásamt mörgum öðrum þjálfaranámskeið sem halddið var á vegum Keilusambandsins. Einnig fékk nefndin tækifæri að ræða við leiðbeinanda námskeiðsins Arne Jeppsson um uppbyggingu landsliðsins og hvernig best væri að haga undirbúningi liðs fyrir stórmót.

Fyrsta verkefni landsliðsnefndarinnar var að undirbúa landsliðið fyrir Evrópubikarkeppni landsliða sem fram fer í Hollandi í sumar. Í upphafi var valinn 28 manna hópur, 16 karlar og 12 konur og var hópurinn sendur í prekmælingu að Reykjalundi til að gera sér grein fyrir líkamlegu ástandi sínu. Eftir þrekmælinguna hafði landsliðshópurinn þrjá mánuði til að bæta sig, áður en næsta mæling yrði gerð. Frá október til febrúar voru æfingar 1 sinni í mánuði, en í lok febrúar var fækkað í hópnum þ.a. 8 leikmenn voru eftir í hvorum hóp. Síðan voru haldnar tvær æfingar og að lokum var endanlegt landslið valið. Lokaátakið hófst síðan 27.apríl og verður æft og keppt 5 daga vikunnar, þar til vika er til Evrópubikarkeppninnar.

Landsliðsnefndin hefur lagt mikla áheyrslu á að mynda sterka liðsheild hjá landsliðinu og var m.a. haldið námskeið fyrir hópinn sem byggðist upp á liðsheild, samskiptum og mat á árangri. Fenginn var utankomandi aðili sem hefur sérhæft sig á þessu sviði til að halda námskeiðið.

Góð samskipti hafa verið við starfsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og eru fyrirhugaðir æfingaleikir við varnarliðið auk æfinga í keilusalnum á Keflavíkurflugvelli. Það kostar mikla fjármuni að senda landsliðið í keppni erlendis og því hefur mikill tími landsliðnefndar og landsliðsins farið í fjároflun. Sú nýbreytni átti sér stað að greiða þurfti 10 krónur til landsliðsins fyrir hvern leik sem fór inn í meðaltal. Þetta gjald skilaði tölubarverðum fjármunum til landsliðsins, en þó eru einhver mótt sem enn eiga eftir að skila sér. Einnig hefur landsliðið staðið að happdrætti, selt hreinlætispappír, séð um lokahóf Keilusambandsins og safnað auglýsingum. Ef þessar fjároflunarleiðir ganga upp er ljóst að nettó kostnaður landsliðsins fyrir ferðina verður í lágmarki.

## ERLEND SAMSKIPTI

Keilusambandið hefur tekið þátt í starfsemi þeirra erlendu samtaka sem við eigum aðild að. Auk skriflegra samskipta þá hefur þetta aðallega verið á fundum sem haldnir eru samhliða þeim Evrópu og Norðurlandamótum sem við höfum sótt. Þannig var þing Evrópusambandsins í tengslum við Evrópumótið í Malmö og fundur er boðaður í tengslum við Evrópubikarmótið í Hollandi í sumar. Alþjóða keilusambandið hélt sitt þing í Róm á síðasta ári og sótti formaður KLÍ þingið.

Mjög aukinn samvinna er nú að komast á innan Norræna keilusambandsins og er það mikill fengur fyrir okkur að geta sótt fróðleik til Norðurlandanna. Á fundi sem Norðurlöndin héldu í tenslum við þing FIQ í Róm var ákveðið að efla samvinnu landanna. Ákveðið var að hafa sérstaka vinnufundi einusinni á ári þar sem saman kæmu formenn, frankkvæmdastjórar og svo sérfræðingar á sérstöku sviði sem væri til umfjöllunar. Áður voru aðeins haldnir stuttir fundir í tengslum við Norðurlandamótin. Nú hefur þetta þróast út í mun meiri samvinnu. Fyrsti fundurinn var í Gautaborg í febrúar og fóru Haraldur og Ingiber á þann fund, næsti formlegi vinnufundur verður í Reykjavík í febrúar 1995. Auk þessa þá hafa Norðurlöndin haft sérstaka fundi í tengslum við alþjóðamót eða þing þegar allar þjóðirnar eru viðstaddir.

Það hefur komið fram í þessu samstarfi að keilarar um allan heim gera orðið meiri kröfur til keppnisþróttarinnar, vilji er fyrir því að efla heildarsamtökin og menn ætlast til stærri hluta af þeim í framtíðinni en hingað til.

FIQ vinnur nú að því að reyna að koma keilunni inn á Ólympíuleikanna árið 2000 og hefur látið vinna sérstakar upplýsingar í því sambandi. Vegna kynningar hjá alþjóða Ólympíunefndinni var gerð sérstök vídeoßpóla um keiluna og stutt samantekt sem varð að rúmast á tveim A4 síðum, sjá fskj..

Norrænu keilusamböndin hafa sameiginlega tekið þátt í baráttunni um Ólympíuleikanna og í því sambandi m.a. sent fulltrúum Norðurlandanna í Alþjóða Ólympíunefndinni og Ólympíunefnd Íslands áskorun um stuðning við málstað okkar. Norrænir spróttaðar hafa raðað sér í fremstu röð keilara í heiminum og við að fullyrðum að þeir ættu mikla möguleika á að vinna til Ólympíuverðlauna í keilu.

## MERKI KEILUSAMBANDSINS

KLÍ efndi til samkeppni um merki keilusambandsins og komu fram 28 tillögur. Leitað var til Gísla B. Björnssonar teiknara um aðstoð við val á merkinu. Höfundur tillögunnar, sem var valin, er Erla Ívars dóttir en Gísli fullvann síðan merkið. Gerðir hafa verið borðfánar með merkinu og einnig hafa verið pantaðar brjóstnælur.

## NORÐURLANDAMÓTIÐ 1992

Norðurlandamótið 1992 fór fram í Helsinki 26. til 29. nóvember 1992. Tólf keppendur, sex konur og sex karlar, kepptu fyrir hönd Íslands. Karlaliðið skipuðu þeir Arnar Sæbergsson, Ásgeir Þór Þórðarson, Davíð Löve, Jón Helgi Bragason, Sigurður Lárusson og Valgeir Guðbjartsson. Kvennaliðið skipuðu þær Ágústa Þorsteinsdóttir, Elín Óskarsdóttir, Guðný Helga Hauksdóttir, Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Matthíassdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir. Á þessu móti unnu Íslendingar sinn fyrsta verðlaunapening, þegar þeir unnu bronsið í fimm-manna liðakeppni.

## NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA

Norðurlandamót unglings í keilu var haldið í Helsingborg í Svíþjóð dagana 11. til 14. mars 1993. Þátttökurétt í mótinu áttu unglingsar sem fæddir eru 1. september 1974 eða síðar. Keppt var í flokkum tveggja-, þriggja- og fimmanna liða ásamt einstaklingskeppni. Samtals eru spilaðir 20 leikir fyrir utan úrslit 6 efstu. Frá okkur fóru 9 unglingsar, 6 piltar og 3 stúlkur. Næsta Norðurlandamót unglings verður í Finnlandi 1995 og síðan á Íslandi 1997.

## NORRÆNAR SUMARBÚÐIR UNGLINGA

Norðurlöndin standa fyrir sumarbúðum unglings ár hvert. Ekki var tekið þátt í þessu starfi 1993 en KLÍ hvetur félögin til þátttöku í sumarbúðunum sem verða í Álaborg í Danmörku í ágúst 1994. Norðurlöndin hafa yfirleitt sett þá unglings sem líklegastir eru til að taka þátt í næsta Norðurlandamót í þessar sumarbúðir. Kostnaði er haldið í lágmarki og þarna fara fram æfingar bæði í keilusal og útivið. Hvert land á möguleika á að senda fimm pilta og fimm stúlkur ásamt tveim til þrem þjálfurum. KLÍ mun styrkja félögin til þátttöku í þessu samstarfi.

## EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA 1993 í ISRAEL

Evrópumótbikarmót einstaklinga fór fram í borginni Rishorn LeZion í Israel 2. til 4. apríl. 44 keppendur frá 21 þjóð tóku þátt í mótinu, það eru landsmeistarar þjóðanna í kvenna- og karlauflokki og auk þess sigurvegarar frá því í fyrra. Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistarar 1992, þau Ágústa Þorsteinsdóttir (KFR) og Valgeir Guðbjartsson (KFR).

## **EVRÓPUMÓTIÐ Í MALMÖ 1993**

Evrópumótið var haldið í Malmö þann 9. til 19. júní 1993. Karlaliðið var þannig skipað: Valgeir Guðbjartsson, Halldór Ragnar Halldórsson, Jón Helgi Bragason, Arnar Sæbergsson, Sigurður Lárusson og Ásgeir Þór Þórðarson. Kvennaliðið var þannig skipað: Guðný Helga Hauksdóttir, Elín Óskarsdóttir, Ágústa Þorsteinsdóttir, Jóna Gunnarsdóttir, Guðný Gunnarsdóttir og Ragna Matthíasdóttir.

## **29. AMF-HEIMSBIKARMÓTIÐ Í JÓHANNESARBORG Í NÓVEMBER 1993**

Þátttaka í mótinu er í umsjón fulltrúa AMF á Íslandi í samráði við KLÍ. Það hefur ekki verið sjálfgefið að taka þátt í þessu móti þar sem ferðakostnaður er yfirleitt mjög mikill og eru keilarar ekki styrktir af keilusambandinu. Valgeir Guðbjartsson tók þátt í mótinu en hann hafði þá nýlega sigrar í sumarmóti Keilulands og var það haft til viðmiðunar. Næsta mótt verður í Mexico 1994.

## **NORRÆNA KEILUSAMBANDIÐ**

Á fyrsta vinnufundinum sem haldinn var í febrúar voru lögð drög að þeim málaflokkum sem fjallað skyldi um í samstarfi landanna. Eftirfarandi mál voru listuð upp, um sum þeirra var fjallað á fundinum en önnur fóru í bið. Tölur í svigum sýna þau mál sem fyrst skyldi fjallað um.

### **TOURNAMENTS**

- Rules
- Nordic Championships (1)
- European Youth Team Cup (2)
- A, B, tournaments (2)
- Capitol City tournaments
- Kalott competition

### **LEAGUE – TOURNAMENT PLANNING**

- Tournament calendar (1)
- Travelling to championships
- TV – Cup 1995

### **ACTIVITIES – new members and keep others**

- Knowledge exchange (2)
- Bowling schools (2)
- Co-operation with bowling centers (2)

### **TECHNICAL MATTERS**

- Lane maintenance – Nordic committee
- Guidelines for construction of bowling centers

## **ORGANISATION – REGISTRATION**

- Education, instructors (1)
- Registration of bowlers (1)
- Comparative bowling
- Registration of Nordic records
- Ranking list of top 100
- Computer system

## **INTERNATIONAL MATTERS**


- Nordic Council support
- Support to Baltic countries
- Representation in international organisations (2)
- Development, improvement

## **MARKETING**


- Video production
- Co-operation with AMF & Brunswick
- Co-operation with TV-companies

KLÍ telur að hér sé hið besta mál á ferðinni og við gerum okkur vonir um að þetta samstarf eigi eftir að skila miklum árangí og þá sérstaklega hvað varðar kennslu, þjálfun og tæknileg málefni.


Í upphafi fundar voru öll löndin með kynningu á hverju sambandi fyrir sig og er hér sýndur samanburður á nokkrum tölulegum stæðum sem fram komu í þessum erindum.




*Skráðir, virkir, félagsmenn í Norrænu keilusambönum, samtals 53.820*




*Fjöldi keilusala á Norðurlöndum eru samtals 390.*



*Fjöldi keilubrauta á Norðurlöndum, samtals eru þær 3802.*



Félagsmenn á hverja braut, meðaltalið er 14,16



Keilubrautir í Danmörku. Þar hefur hreinlega orðið sprenging í aukningu keilubrauta en frá 1989 hefur fjöldað um 601 braut og mest af því er á Jótlandi eða yfir 350 brautir.

# Keila: Tilvalin Ólympíugrein

## VINSÆLDIR

IOC: liður 1.] Federation Internationale des Quilleurs (FIQ) er í fyrirsvari fyrir 110 milljón keilara, bæði konur og menn og er þannig næst fjölmennasta íþrótt í heiminum. **Ellefu milljón** manns taka þátt í skipulagðri keppni að meðaltali 40 sinnum á ári og meira en 200.000 keppa í stórmótum.

FIQ skiptist í tvenn sambönd, sem þjóna annars vegar tíu pinna og hins vegar níu pinna keilu. Í FIQ eru **83 meðlimir** sem eru staðsett í **öllum fimm Ólympíusvæðunum**. Þrjú sambönd hafa sótt um aðild og má búast við brátt fjölgji meðlimum frá Afríku. [Sjá Fylgiskjal 1].

## SAGA

IOC: liður 2] Fyrsta heimsmeistaramót **FIQ Tenpin** var haldið 1954 og voru 58 þátttakendur frá 7 löndum. Frá 1963 hefur það verið haldið fjórða hvert ár, síðast í Singapore 1991, þar sem þátt tóku 196 konur og 280 karlar frá 46 þjóðlöndum. XIII Heimsmeistaramótið verður haldið 1995 í Reno, USA og er búist við keppendum frá 60 löndum.

FIQ Tenpin svæðin, Ameríku, Evrópu og Asíu, hafa haldið Meistaramót frá 1961, 1962 og 1970. Asfú mótið er haldið annað hvert ár en hin eru haldin fjórða hvert ár. Síðustu mótin hafa verið:

			Land / Menn / Konur
Ameríkusvæðið	1989	Wichita, USA	16 / 96 / 82
Evrópusvæðið	1989	Hertogenbosch, Ned	20 / 114 / 88
Asíusvæðið	1992	Perth, Ástralíu	18 / 103 / 78

FIQ Tenpin hefur haldið Heimsmeistaramót unglings annað hvert ár síðan 1990 og FIQ Tenpin Heimsmeistaramót liða verður haldið annað hvert ár frá og með 1994.

Að auki hefur verið haldið Heimsbikarmót (einn maður/ein kona frá hverri þjóð) árlega frá 1964 og er það viðurkennt af FIQ. Síðasta ár mættu til leiks keilarar frá 50 löndum. XXIX Heimsbikarmótið verður haldið í Jóhannesborg, Suður-Afríku 1993 og er búist við þáttöku frá 60 löndum.

Heimsmeistaramót FIQ Ninepin hefur verið haldið annað hvert ár frá 1955. Í síðasta móti, sem haldið var í Bratislava í Slovákíu 1993, voru 120 menn og 96 konur frá 15 löndum. FIQ Ninepin Heimsmeistaramót unglings er einnig haldið annað hvert ár.

## HEIMSÁLFUMÓT

IOC: liður 3] Eftirfarandi heims- og svæðamót hafa keilu sem keppnisgrein:

Pan American Games	Asian Games	World Games	Solidarity Games
Central American Games	South East Asian Games	Maccabiah Games	Master Games
Caribbean Games	Far East Asian Games	Bolivarian Games	Ciss Games
South American Games			

## KONUR/KARLAR

IOC: liður 4] Þátttaka í mótaum sem eru haldin af eða viðurkennd af FIQ er opin körlum og konum án tillits til getu. Um 46% allra keilara sem taka þátt í mótaum eru konur. Keila er stolt af því að vera alþjóðleg íþrótt, sem leikin er bæði af konum og körlum, án þess að mismuna eftir aldri, stærð eða íþróttagetu.

## ÞJÁLFUN

IOC: liður 5] FIQ er ekki með neitt þjálfaranámskeið en stefnir að því. Það er skoðun okkar að það myndi verða ómælanleg aðstoð ef keila yrði verðlaunaþrótt á Ólympíuleikum. Ástæðan er sú athygli og áhugi sem Ólympíu draumurinn hefði í för með sér.

Nú eru þjálfaranámskeið hjá um einum þriðja aðildarsambanda okkar. Hjá mörgum þeirra eru þau yfirgripsmikil og háþróuð. Á þessum námskeiðum er leiðbeinendum og þjálfurum, sem munu kenna nemendum á öllum stigum, *kennt á svipaðan hátt*. Aðildarsambönd sem hafa komið sér upp þjálfaranámskeiðum veita samböndum, þar sem keila er ný íprótt, aðgang að upplýsingum og kennsluaðferðum sínum.

### **KOSTNAÐUR**

IOC: liður 6 Viðurkennt er að keila er ódýr íprótt fyrir þátttakandann. Þó erfitt sé að taka meðaltal vegna mismunandi skatta í heiminum, kostar u.b.b. USD 2 að leika einn leik. Keilukúla og keiluskór, sem eru einu tækin sem þarf, kosta u.b.b. USD 100.

Kostnaður við keilusali fer eftir því hvort um sé að ræða stað sem er til frambúðar eða tímabundinn. Ef undanskilinn er kostnaður við lóð og byggingu, má búast við að kostnaður við hvert brautarpar í fullkomnum sal til frambúðar sé milli USD 60.000 - 90.000, án skatta. Ef talin er ástæða til að vera í ípróttasal sem rúmar mikinn fjöldi áhorfenda má búast við að kostnaður við að setja niður og taka burt keilubúnað sé um USD 10.000 á hvert brautarpar.

### **FYRIRKOMULAG**

IOC: liður 7] 7.1: Við leggjum til, í samræmi við skýrslu formanns Commission for the Olympic Programme til IOC Executive Board, dagsettri 16 apríl, 1991 og með tilliti til þess að Leikarnir í framtíðinni verði takmarkaðir við 10.000 ípróttamenn, að Keila fá að senda 96 ípróttamenn (48 karla og 48 konur).

7.2: Miðað við 96 ípróttamenn þá kæmu 16 konur og 16 karlar frá hverju hinna þriggja FIQ svæða. Þessir ípróttamenn væru valdir eftir sérstaka úrsláttarkeppni innan hvers svæðis, þar sem ákveðinn hámarksfjöldi ípróttamanna frá hverju landi myndu keppa að því að verða Ólympíukeppanda og kæmust áfram mest 3 keppendur frá hverju landi. Vegna sveigjanleika keilu er hægt að halda svona keppni með mismunandi fjölda keppenda og þar sem að í Keilu er stigagjöf óháð mati verður valið réttlátt og jafnt fyrir alla keppendur.

7.3: Venjulega væri keppni með 96 þátttakendum leikin í keilusal með minnst 24 brautum. Hins vegar væri hægt að aðlaga Ólympíukeppnina sal af hvað stærð.

7.4: Keila þyrfti samtals 5 keppnisdaga: two fyrir forkeppni, til að skera hópinn niður í 24 konur og 24 karla, two daga fyrir keppni þar sem allir spila við alla, til að velja fjóra efstu karlana og fjórar efstu konurnar, og loks einn dag fyrir úrslitakeppni, þar sem leikið er eftir kerfi sem ýtir undir sjónvarpssendingar, til að ákvarða verðlaunahafa. Sjónvarpsútsendingar í Bandaríkjum hafa náð hæstu áhorfun miðað við útsendingartíma samfellt í 31 ár, og mun það tryggja mikinn áhuga á útsendingu frá Ólympíuleikunum.

7.5: Í samræmi við ætlanir IOC að fulltrúafjöldi fari ekki yfir 50% af keppendafjölda, leggjum við til að Keila fái að senda samtals 48 NOC og IF fulltrúa.

7.6: Þetta kerfi muna tryggja þátttöku bestu áhugakeilar heimsins.

### **LYFJANOTKUN**

IOC: liður 8] FIQ viðurkennir og notar lyfjaeftirlit IOC. Lyfjanotkun hjálpar ekki keilurum. Þvert á móti er hún er hún til tjóns. Íprótt okkar er því í meginatriðum laus við lyfjanotkun, einkenni sem við teljum jákvætt atriði varðandi ósk okkar um að verða Ólympíugrein.

### **STOFNSKRÁ ÓLYMPÍULEIKANNA**

IOC: liður 9] Við getum og munum ábyrgjast að keppendur okkar munu uppfylla skilyrði Stofnskrár Ólympíuleikann. Sem gróin og fjárhagslega traust íprótt, styður FIQ Ólympíuhuggsjónina og Ólympíuandann. Við bjóðumst til að leggja allan styrk ípróttar okkar til að efla Ólympíuhreyfinguna.

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS**  
**REIKNINGSSKIL FYRIR TÍMABILIÐ**  
**29. JÚNÍ 1992 TIL 31. DESEMBER 1993**

## **EFNISYFIRLIT**

---

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA .....	2
REKSTRARREIKNINGUR FYRIR TÍMABILIÐ 29. JÚNÍ 1992 - 31. DESEMBER 1993	3
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993 .....	4
SKÝRINGAR .....	5


## ÁRITUN FÉLAGSKJÖRINNA ENDURSKOÐENDA

---

Við höfum endurskoðað reikningsskil Keilusambands Íslands fyrir tímabilið 29. júní 1992 til 31. desember 1993. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að reikningsskilin gefi nægilega glöggja mynd af rekstri sambandsins á tímabilinu og efnahag þess 31. desember 1993.

Reykjavík, 28. apríl 1994.



Guðni S. Guðafsson



Pétur Helgason

**R E K S T R A R R E I K N I N G U R**  
**fyrir tímabilið 29. júní 1992 til 31. desember 1993**

---

**REKSTRARTEKJUR:**

Skýr.

Skráningargjöld:	
Íslandsmót liða 1992-1993 .....	645.000
Íslandsmót liða 1993-1994 .....	735.000
	1.380.000
Önnur skráningargjöld liða .....	12.600
Skráningargjöld vegna allsherjarmeðaltals .....	119.100
Keppnisgjöld deildarliða .....	3.716.000
Tekjur af móturnum landsliðs í keilu .....	481.827
Tekjur vegna námskeiða .....	241.500
Tekjur vegna agabrota .....	12.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	560.824
Norrænn styrkur vegna landsliðs .....	291.004
Lottó - tekjur .....	674.578
	7.489.433
Rekstrartekjur alls	

**REKSTRARGJÖLD:**

Keppnisgjöld deildarliða .....	3.716.000
Brautarleiga vegna móta .....	108.289
Ferðakostnaður vegna móta erlendis .....	1.387.410
Keppnisbúningar .....	84.148
Mótabækur og leikskýrslur .....	168.954
Námskeiðahald .....	160.017
Verðlaunagripir .....	211.482
Skrifstofukostnaður .....	149.821
Annar rekstrarkostnaður .....	165.868
Afskriftir .....	48.394
	5
	6
	2
	Rekstrargjöld alls
	6.200.383
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld .....	1.289.050

**FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):**

Vaxtatekjur .....	5.108
Vaxtagjöld .....	( 66 )
Hreinar fjármunatekjur	5.042

REKSTRARAFGANGUR TÍMABILSINS .....	1.294.092
------------------------------------	-----------

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993**

---

**EIGNIR**

**VELTUFJÁRMUNIR:**

	Skýr.
Bankainnstæður .....	3 733.172
Óinnheimtar tekjur .....	4 405.000
Viðskiptakröfur - ÍSÍ .....	6.886
Rekstrarvörubirgöir .....	84.028
	<hr/> <b>1.229.086</b>

**FASTAFJÁRMUNIR:**

Olfumælingavél .....	98.222
Skrifstofuvélar og áhöld .....	95.354
	<hr/> 2 193.576
	<hr/> <b>EIGNIR SAMTALS</b>
	<hr/> <b>1.422.662</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

**SKAMMTÍMASKULDIR:**

Ógreiddur kostnaður .....	28.570
Skuldir samtals	28.570

**EIGIÐ FÉ:**

Stofnfé .....	100.000
Rekstrarafgangur tímabilsins .....	1.294.092
	<hr/> 1.394.092
	<hr/> <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b>
	<hr/> <b>1.422.662</b>

## S K Y R I N G A R

---

### ÝMSAR UPPLÝSINGAR

1. Keilusamband Íslands var stofnað 29. júní 1992 og er því fyrsta reikningsskilatímabil þess 18 mánuðir.
2. Skrifstofubúnaður er afskifaður um 20% af upphaflegu kostnaðarverði í 12 mánuði. Nemur afskriftin kr. 23.838. Olíumælingavél er einnig afskrifuð um 20% í 12 mánuði, eða um kr. 24.556. Afskriftir nema því samtals kr. 48.394.

### SUNDURLIÐANIR

3. Bankainnstæður:

Sparisjóður vélstjóra, sér - tékkareikningur .....	438.322
Sparisjóður vélstjóra, trompbók .....	259.481
SPRON - öryggisbók .....	35.369
	733.172

4. Óinnheimtar tekjur:

Keilufélag Garðabæjar .....	225.000
Keilufélag Suðurnesja .....	90.000
Keiludeild K.R. .....	90.000
	405.000

5. Skrifstofukostnaður:

Húsaleiga .....	53.784
Pappír; prentun og ritföng .....	47.229
Símkostnaður og burðargjöld .....	14.211
Viðhald skrifstofuáhalda .....	5.341
Kostnaður vegna funda .....	14.230
Lyklar og skrár .....	8.590
Ýmis kostnaður .....	6.436
	149.821

6. Annar kostnaður:

Félagsgjöld .....	20.673
Fræðsluefni .....	34.343
Barmmerki .....	16.523
Merki KLÍ .....	20.000
Kostnaður vegna keiluþáttu í sjónvarpi.....	18.000
Gjafir .....	7.475
Lögfræðiaðstoð vegna VSK mála .....	15.911
Lyklahringir vegna utanlandsferðar .....	32.943
	165.868

## FJÁRHAGSÁÆTLUN KLÍ FYRIR STARFSÁRIÐ 1994 – 1995

### TEKJUR

Tekjur af Lottó .....	900.000,-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	590.000,-
Þátttökugjöld af mónum .....	1.250.000,-
Auglýsingar .....	525.000,-
Skráningargjald í allsherjarmeðaltal .....	<u>300.000,-</u>

*tekjur v/NM  
10 kr. pr. leik*

*Tekjur alls 3.565.000,-*

### GJÖLD

Námskeið fyrir þjálfara .....	160.000,-
Útgáfustarf .....	180.000,-
Verðlaun .....	250.000,-
Árgjald FIQ WTBA .....	80.000,-
Tölvubúnaður .....	220.000,-
Ferðakostnaður .....	1.600.000,-
Skrifstofukostnaður .....	150.000,-
Norðurlandamót .....	<u>750.000,-</u>

*Gjöld alls 3.390.000,-*

*Tekjur umfram gjöld 175.000,-*